

SPÁNN HEIÐRAR HEIMSSKÁLD SITT

HINN 5. júní minnstust Spánverjar þess að rétt hundrað ár voru liðin frá fæðingu dáðasta ljóðskálds og leikskálds Spánar, Federico García Lorca, sem myrtur var af þjóðvarðliðum á bandi fasista í upphafi borgarastyrjaldarinnar 1936, aðeins 38 ára gamall. Harðbannað var að nefna nafn hans á Spáni meðan Franco lifði, eða til 1975, en verk Lorca voru gefin út og lesin eða sett á svið í öðrum löndum, og svo virðist sem þau eigi sífellt meiri vinsældum að fagna um víða veröld, enda er nú svo komið að Lorca hefur verið þýddur á fleiri tungumál en sjálfur Cervantes, höfundur Don Quixote.

Hátíðahöldin voru með margvíslegu sniði. Sýningar voru opnaðar, leikrit frumsýnd, hljótleikar haldnir, þar sem ljóð Lorca voru sungin, bæði við sigilda tónlist og flamenco. Blöðin voru full af greinum og frásögnum. Eitt dagblaðið, Ideal, í Granada, gaf út 88 síðna aukablað, að hluta til í lit, eingöngu með efni um Lorca. Þá var dreift úr þyrlu yfir Granada-borg 100 þúsund eintökum af ljóðum Lorca sem svifu til jarðar eins og kafalds-flyksur.

Aznar fór með ljóð utanbókar

Í Madrid var dagskrá, upplestrar, leiklist og tónlist allan daginn á gamla stúdentagarðinum, Residencia de Estudiantes, þar sem Lorca hjó um skeið ásamt Luis Bunuel, Salvador Dalí, Vicente Aleixandre og Rafael Alberti og fleiri afburðamönnum og stórskáldum sem kallast kynslóðin 27 og er eflaust sterkasta menningarafli þessarar aldar á Spáni. Meira að segja forsætisráðherrann, José María Aznar, tók þátt í dagskránni á „Resi“, með því að fara með, utanbókar, fyrsta kvæðið í „Tatarapulunni“ eftir Lorca.

Aðalhátíðin var þó í fæðingarbæ Lorca, Fuente Vaqueros á La Vega sléttunni, líklega búsældarlegustu sveit Pýreneaskaga. Þar stóð mikið til, bæði innanhúss og utan, og var búist við að fólk flyktist í tugþúsundatali þangað. Það fór þó á annan veg því að veðrið var vægast sagt ekki með hátíðarsniði. Þrumur og eldingar upphöfust um nóttina og gekk síðan á með ausandi rigningu mestallan daginn. Aflysa varð öllum útiatriðum, enda var ekki margt aðkomufólk á götum Fuente Vaqueros. Sagt er að Granadabúar hafi litið út í sortann og slagveðrið og hver fullvissað annan um að viðburðin í Fuente Vaqueros gætu þeir séð betur í sjónvarpinu heima í stofu heldur en á staðnum.

Ættingjar og vinir Lorca

Hins vegar var í Fuente Vaqueros saman kominn stór og glæsilegur hópur ættingja og vina Lorca, skáld, leiklistarfólk og allir helstu menningarpostular og menntaljófs Suður-Spánar, og auk þess allir helstu stjórnmalaleiðtogar Andalúsíu, Manuel Chaves, forseti stjórnarnefndar sjálfstjórnarríkisins, forseti fylkisráðs Granada, fjölmargir borgarstjórnar og aðrir helstu ráðamenn og valdakonur Andalúsíu. Mesta athygli vakti þó ef til vill nærvera José Borrell, sem Sósíalístaflókkur Spánar kaus fyrir skemmstu til að leiða baráttuna í næstu kosningum. Hann verður forsætisráðherra ef sú baráttu ber árangur.

Sú athöfn, sem sameinaði allt þetta stórmenni, aðalviðburður hátíðahaldanna, var opnun Rannsóknarstofnunar í Lorca-fræðum í Fuente Vaqueros. Þetta er bóka- og gagnasafn ásamt vinnuástöðu fyrir þá sem vilja grúska í hverju því sem tengist Lorca. Húsið, sem er fallett, tvílyft bygging úr hvítum steini og ljósbrúnum, útskornum víri, kostaði um 400 milljónir peseta, sem samsvarar 200 milljónum ísl. kr. Það stendur þar sem áður var barnaskólinn í Fuente Vaqueros. Þar lærði Federico að lesa og þar var móðir hans, Vicenta Lorca, kennslukona áður en hún giftist föður hans.

Bækur og gögn eru samsafn úr ýmsum opinberum bóka- og skjalasöfnum, ásamt firnum af gjöfum frá einkaaðilum, ættingjum Lorca og vinum eða afkomendum þeirra, sem geymt hafa þúsundir bréfa o.fl. sem varða Lorca á einhvern hátt. Mest munar þó eflaust um stórgjöf Ians Gibson, Spánarfræðings og ævisöguritarar Lorca, sem náttúrulega var einn af heiðursgestunum. Gibson leggur í púkkið meginpartinn af einkabókafafni sínu, hvorki meira né minna en 10 þúsund bindi, og auk þess öll þau gögn sem hann safnaði á því 20 ára skeiði sem hann vann að bókum sínum tveimur, þeirri fyrri um dauða García Lorca og hinn síðari um líf hans. Þeim sem þetta skrifar, og var viðstaddur vígsluathöfnina, sýndist sem fjölskylda Lorca væri loks orðin



FYRIRBÆÐI borgarastyrjaldar, 1936. Málverk Dalís.

HALDIÐ UPP Á ALDARAFMÆLI GARCÍA LORCA Í SLAGVIÐRI

Hinn 5. júní minnstust Spánverjar þess að rétt hundrað ár voru liðin frá fæðingu dáðasta ljóðskálds og leikskálds Spánar, Federico García Lorca. ÖRNÓLFUR ÁRNASON gisti fæðingarborg skáldsins Granada og segir frá hátíðarhöldunum hér á eftir.

sátt við Gibson, en ættmönnum og vinum skáldsins mislíkaði á sínum tíma mjög við Gibson fyrir að upplýsa að Federico hefði verið samkynhneigdur.

Rödd Lorca ekki oftast þöggvöð

Í vígsluræðu sinni sagði Chaves forseti meðal annars að hann vænti þess að menningarstofnun þessi, hin fyrsta sinnar tegundar á Spáni, yrði til þess „að rödd Federico García Lorca yrði ekki oftast þöggvöð niður og að komandi kynslóðir þekktu ævi og verk mesta heimsskálds sem Spánn hefur alið“. Chaves lofaði fjárstuðningi við stofnunina og mun verða gengið frá samstarfssamningi milli Andalúsíustjórnar, fylkisráðs Granada og bæjaryfirvalda í Fuente Vaqueros á næstu dögum til að tryggja framtíð Lorca-stofnunarinnar. Bæjarstjórnin á staðnum sagði í ræðu sinni að aldrei hefði hann verið jafnstoltur á ævinni að vera frá Fuente Vaqueros. Flestir ræðumenn viku að morðinu á Lorca, og Antonio India, forseti fylkisstjórnarinnar, komst þannig að orði, að Federico hefði verið drepinn fyrir að vera Granadamaður. Hann hefði nefnilega alltaf tekið upp hansann fyrir þá sem ofsóttir voru eða áttu í vök að verjast, fyrir að vera sígaunar, svertingjar, gyðingar, arabar, eða bara fátækir. „Við Granadamenn höfum í æðum blóð frá öllum þessum ofsóttu kynstofnum, svo að samúð okkar með þeim er meðfædd.“

Helstu dagskráatriði önnur sem ekki var aflýst vegna veðurs, voru t.d. stórkostlegur



FÆÐINGARHÚS García Lorca í Fuente Vaqueros í nágrenni Granada.



STÚDENTAGARÐURINN gamli, Residencia de Estudiantes, í Madrid.

konsernt Ramón Medina kórsins frá Cordoba, sem söng úrval af tónlist sem gerð hefur verið við texta Lorca, þá lék Sinfóníuhljóm-sveit Granadaborgar verk eftir einn besta vin Lorca, Manuel de Falla, sem eyddi síðari hluta ævinnar í Granada og sótti efnivið í sama umhverfi og menningararf og Lorca. Leikkonan Elodia Campra flutti hið fræga erflijóð García Lorca eftir vin sinn nautabanann sem féll, Ignacio Sanchez Mejías, „Klukkan fimm að kveldi...“. Tilfinningaþrungust var sú samkoma sem fram fór í húsi García Lorca fjölskyldunnar sem nú er safn. Þar hittust nánustu ættingjar og vinir Federico, m.a. eftirlifandi félagar úr leikflokkinum „La Barraca“, sem Federico ferðaðist um Spánn með. Fólkíð rifjaði upp minningar og gamansögur sem tengjast skáldinu og fjölskyldu hans. Andrúmsloftið var blanda af trega og glöðværð.

Guðdóttir Lorca, Isabel Clara, sagði frá frumsýningu Margaritu Xirgu á Bernórðu Alba, sem García Lorca lifði ekki að sjá á sviði. Leiksýningin fór fram í Buenos Aires, en þangað flúði Isabel undan Franco með föður sínum, málaranum Manuel Ángeles Ortiz. Liðinn var áratugur frá dauða Lorca, en þegar tjaldið féll í leiklok, stóð fólkíð klappandi í tíu

minútur og æpti í takt: „Federico! Federico!“

Sá sem þetta ritar hitti m.a. að máli náfrænda Federico, Manuel Fernandez-Montesinos, sem veitt hefur forstöðu García Lorca stofnuninni í Madrid frá upphafi. Hann kvaðst himinlifandi yfir öllum þeim söma sem Federico væri sýndur þennan dag, ekki bara á Spáni, heldur um heim allan. Í sama streng tók bróðurdóttir Federico, Laura García Lorca, sem veitir forstöðu ljómandi fallgu safni í sumarhúsi foreldra skáldsins, Huerta de San Vicente, sem nú stendur inni í Granada vegna úþpenslu byggðar, en var áður úti í La Vega sveitinni. Laura minnstist á hversu furðulegt það er að hvergi skuli finnst upptaka af rödd Federico. En miklar sögur fara af því hversu heillandi og blæbrigðarík rödd hans hafi verið, enda var hann sífellt að ferðast um og flytja erindi eða lesa upp ljóð. Laura segir að ekki sé útilokað að upptaka leynist einhvers staðar í geymslu, því að auðvitað var tæknin til á þessum tíma og ólíklegt að enginn hafi tekið eitthvað upp.

Gott hjartalag

Með því skemmtilegra var að rekast á aldræða frænku Federico, Amparo García García, sem alla ævi hefur búið í Fuente Vaqueros. Hún sagði: „Við vorum ekki eins rík og frændfólkið í Granada. En allt García fólkíð hafði gott hjartalag og góðar tilfinningar. Mamma mín var saumakona, og þegar hún fór til Granada að kaupa efni, gisti hún ævinlega hjá foreldrum Federico. Hún og Federico voru feiknagóðir vinir og hann var alltaf að láta hana segja sér sögur. Mamma er fyrirmyndin að Skóarakonunni dásamlegu. Hann vildi ekki kalla leikritið Saumakonuna svo hann breytti henni í skóarakonu. Hann var svo tillitssamur.“

Hátíðarhöldunum í Fuente Vaqueros átti svo að ljúka með gífurlegri fjöldasamkomu á aðalorgi bæjarins. Stór pallur hafði verið settur þar upp og mögnuðum söngkerfum með hátödlurum út um allan bæ. 170 listamenn komu til að syngja, spila og lesa upp o.s.frv. Þar á meðal voru stórstjórnurnar Aurora Batista, Ana Belén, Juan Echanove, Juan Diego og Magui Mira. Allir gáfu vinnu sína og samkoman átti að vera ókeypis fyrir hvern sem njóta vildi. En því miður þurfti að aflýsa öllu því að það rigndi stöðugt eins og hellt væri úr fötu. Rafmagnið fór hvað eftir annað af bænum og óttast var að slys gætu orðið.

Mörg orð féllu manna á milli um veðrið þennan blauta hátíðardag í Fuente Vaqueros, en líklega voru engin eins áhrifarík og þau sem féllu af vörum ljóðskáldsins Juans de Loxa, forstöðumanns Lorcacasafnsins. Það gerðist í fjölskyldu- og vinahópnum í gömlu stofu foreldra Federico, þar sem vagma hans stendur enn í næsta herbergi. Tilvitnunin er í Blóðbrúllaup eftir Lorca: „Blessað sé regnið, það þvær andlit hinna dáu.“